

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 26. júní 1998

um samræmdar viðmiðanir fyrir undanþágur samkvæmt 9. gr. tilskipunar ráðsins 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna(*)*(tilkynnt með númeri C(1998) 1758)*

(98/433/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna⁽¹⁾, einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 9. gr. tilskipunar 96/82/EB er kveðið á um að aðildarríki skuli krefjast þess að rekstraraðilar tiltekinna starfsstöðva leggi fram öryggisskýrslur.

Í a-lið 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 96/82/EB er kveðið á um að þegar sýnt hefur verið fram á með fullnægjandi hætti, að mati lögbærs yfirvalds, að ástand einstakra efna, sem er að finna í starfsstöðinni eða einhverjum hluta hennar, sé með þeim hætti að af þeim geti ekki stafað stórslyshætta, þá sé aðildarríkinu heimilt í samræmi við viðmiðanirnar í b-lið að einskorða upplýsingar, sem krafist er í öryggisskýrslum, við atriði sem lúta að vörnum gegn þeirri stórslyshættu sem eftir stendur og að draga úr afleiðingum hennar fyrir menn og umhverfi.

Þessar viðmiðanir hafa ekki áhrif á ákvörðun þröskuldsþags hættulegra efna með tilliti til beitingar 9. gr. tilskipunar 96/82/EB.

Í b-lið 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 96/82/EB er kveðið á um að áður en farið er að beita tilskipuninni skuli framkvæmdastjórnin samhæfa viðmiðanir, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er

fyrir um í 16. gr. tilskipunar 82/501/EBE frá 24. júní 1982 um hættu á stórslysum í tengslum við tiltekna iðnaðarstarfsemi⁽²⁾, vegna úrskurðar lögbærs yfirvalds um að ástand starfsstöðvar geti ekki valdið stórslyshættu í skilningi a-liðar.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót í samræmi við 16. gr. tilskipunar 82/501/EBE.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdastjórnin samþykkir hér með samræmdu viðmiðanirnar, sem er að finna í viðauka við þessa ákvörðun, að því er varðar 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júní 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ritt BJERREGAARD

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 192, 8. 7. 1998, bls. 19, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/1999 frá 30. apríl 1999 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(¹) Stjtið. EB L 10, 14. 1. 1997.

(²) Stjtið. EB L 230, 5. 8. 1982. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 87/216/EBE (Stjtið. EB L 85, 28. 3. 1987, bls. 36), tilskipun 88/610/EBE (Stjtið. EB L 336, 7. 12. 1988, bls. 14) og tilskipun 91/692/EBE (Stjtið. EB L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

*VIÐAUKI***Samræmdar viðmiðanir fyrir undanþágur samkvæmt 9. gr. tilskipunar ráðsins 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna**

Heimilt er að veita undanþágu, í samræmi við 6. mgr. 9. gr., sé að minnsta kosti einni af eftirtöldum almennum viðmiðunum fullnægt:

1. Eðlisástand efnis

Efni í föstu formi þannig að þau geti hvorki gefið frá sér efni né orku, sem gæti leitt til stórslyshættu, hvort sem um er að ræða eðlilegar kringumstæður eða óvenjulegar aðstæður sem skynsamlegt er að ætla að hefði mátt sjá fyrir.

2. Einangrun og magn

Efni sem búið er um eða sem er einangrað með þeim hætti og í því magni að mesta mögulega losun getur undir engum kringumstæðum valdið stórslyshættu.

3. Staðsetning og magn

Efni sem eru nægjanlega langt frá öðrum hættulegum efnum (í starfsstöðinni eða annars staðar) og eru ekki í meira magni en svo að þau skapi ekki hættu á stórslysi ein og sér né þegar önnur hættuleg efni eiga í hlut.

4. Flokkun

Efni sem eru skilgreind sem hættuleg efni á grundvelli almennrar flokkunar í 2. hluta I. viðauka við tilskipun 96/82/EB en geta ekki valdið stórslyshættu og því er almenna flokkunin óviðeigandi í þessu tilliti.
